Plöntutal fyrir Kjós og Kjalarnes

Checklist of the vascular plants of Kjós and Kjalarnes, SW-Iceland

Björn Hjaltason
Febrúar 2022

Plöntutal fyrir Kjós og Kjalarnes

Checklist of the vascular plants of Kjós and Kjalarnes, SW-Iceland

Björn Hjaltason 2022

Þessi samantekt er unnin með styrk frá Kjósarhreppi

Allar myndir eru teknar af höfundi.

Inngangur

Gróður, í víðustu merkingu þess orðs, þekur umhverfi okkar meira og minna. Þá erum við að tala um blómplöntur, byrkninga, mosa, fléttur og sveppi. Fljótt á litið myndar gróður samfeldar þekjur eða einsleit gróðurbelti en er í raun gróðursamfélög margra mismunandi plöntutegunda sem koma í ljós þegar rýnt er ofan í svörðinn.

Í þessu riti verður gerð grein fyrir þeim tegundum blómplantna og byrkninga sem fundist hafa innan hreppsmarka Kjósar og Kjalarness, að þeirri undantekningu þó, að mörk Kjósar og Hvalfjarðarsveitar eru dregin um Botnsá, í Hvalvatn og um Botnssúlur en að öðru leyti er skilgreindum hreppamörkum fylgt. Ég get þó ekki stillt mig um að geta tegunda sem fundist hafa rétt handan hreppamarka og á það einkum við í Botnsdal í Hvalfirði og Leiruvogi í Mosfellsbæ.

Landslag og gróðurfar

Gróður á svæðinu hefur tekið allnokkrum stakkaskiptum á síðustu áratugum. Kemur þar til hlýnun loftslags en ekki síður minnkandi sauðfjárbeit. Allt fram að lokum síðustu aldar bar land merki mikillar beitar. Nú er allt láglendi á Kjalarnesi og land neðan þjóðvegar um Hvalfjörð svo að segja sauðfjárlaust. Á þeim svæðum hefur víðikjarr og birki skotið upp kollinum hér og þar og hvannir eru víða áberandi auk annars gróðurs sem sauðfé hélt áður fyrr niðri.

Fjöll setja mikinn svip á landið, sem skorin eru af þröngum dölum og er því undirlendi víðast hvar lítið. Hæðstu fjöll rísa í 800 -1000 m.y.s. Má þar nefna Hvalfell (852 m), Botnsúlur (1086 m) og Esju (914 m).

Á láglendi voru flestar mýrar þurrkaðar upp um miðja síðustu öld með skurðgreftri en þó má enn finna nokkur votlend svæði, s.s. í Laxárdal þar sem vatnsstaða er há. Vegna þess hve undirlendi er takmarkað hafa flest þau svæði verið tekin undir túnrækt þar sem því hefur verið komið við.

Skógrækt er víða í dölum og hlíðum og er farin að setja verulegan svip á landslagið. Viðast hvar hefur tekist ágætlega til þó að á einstaka stað rjúfi skógrækt heildarmynd lands sem er miður.

Á nokkrum stöðum er náttúrulegt birkikjarr að finna frá fornu fari, svo sem í Botnsdal, Brynjudal og í Vindáshlíð.

Um heimildir

Náttúrufræðistofnun Íslands heldur gagnagrunn um útbreiðslu plantna á Íslandi. Sá grunnur er helsta heimild sem stuðst er við í ritinu. Í þann grunn hafa margir lagt til athugannir sínar, lærðir sem leiknir.

Ekki er margt sem hefur verið skrifað sérstaklega um gróður svæðisins en þó eru til rannsóknarskýrslur sem taka fyrir afmörkuð svæði, t.d. í landi Hvammsvíkur, Álfsness og vatnagróðri Meðalfellsvatns hefur verið gerð skil.

Upp úr síðustu aldamótum fór ég vítt og breitt um svæðið og skráði útbreiðslu plantna. Bætti ég þar töluverðu við í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar um útbreiðslu plantna á svæðinu.

Um ritið

Hér verður ekki farið í greiningar á plöntum. Í því efni er vísað í þess bærar bækur, s.s. Íslensku plöntuhandbókarinnar eftir Hörð Kristinsson. Myndir eru þó af allflestum plöntunum sem ættu að gefa lesandanum nokkra hugmynd um útlit þeirra og gera það aðgengilegra almenningi. Annars er texta stillt mjög í hóf og aðeins getið um hvort tegundin sé algeng eða sjaldgæf (Mjög algeng, algeng, allalgeng, fremur sjaldgæf, sjaldgæf, mjög sjaldgæf). Einnig er gefin hugmynd um kjörlendi tegundar.

Áhersla er lögð á „íslenskar“ tegundir: tegundir sem vaxið hafa hér á landi um ómuna tíð en einnig er getið margra slæðinga. Slæðingar eru plöntur sem borist hafa hingað til lands í seinni tíð, einkum fyrir tilstuðlan mannsins. Margar þeirra hafa náð hér fótfestu en aðrar dafna um skamma hríð og hverfa síðan. Lengi má væntanlega bæta slíkum tegundum á listann og verður gert við endurskoðun þessarar útgáfu.

Við allmargar tegundir eru lágsettir tölustafir (t.d. $_{17}$), númerið vísar í neðanmálstexta sem er að finna aftast í ritinu og er þar gerð frekari grein fyrir útbreiðslu og fl. Hásettir tölustafir (t.d. ^{3}) vísa í heimild sem finna má í heimildaskrá sem einnig er aftast í ritinu.

Margir hafa staðgóða þekkingu á hinni viltu flóru en flestir láta sér nægja að þekkja helstu blómplöntur. Grös, starir og aðrar plöntur sem ekki bera eiginleg blóm láta flestir sig litlu skipta en fara þá á mis við fegurð þeirra sem kemur í ljós við nánari skoðun. Mörg grös er í raun auðvelt að læra að þekkja og ef maður gefur þeim gaum bætist fljótt í þekkingarsarpinn. Og víst er að þekking á náttúrunni eikur manni væntumþykju og virðingu fyrir henni.

Tegundatal

Jafnaætt *Lycopodiaceae*

Skollafingur *Huperzia selago*
Allalgengur til fjalla.[1] Oftast í rýru landi.

Litunarjafni *Lycopodium alpinum*
Sjaldgæfur.[2] Vex í snjódældum til fjalla.

Mosajafni *Selaginella selaginoides*
Mjög algengur. Vex í þurrum móum.

Álftalauksætt *Isoëtaceae*

Álftalaukur *Isoëtes echinospora*
Sjaldgæfur.[3] Vatnaplanta

Vatnalaukur *Isoëtes lacustris*
Fremur sjaldgæfur.[4] Vatnaplanta. Líkist álftalauk.

Elftingarætt *Equisetaceae*

Klóelfting *Equisetum arvense*
Mjög algeng. Vex við ýmsar aðstæður.
Myndin sýnir grókólfa snemma vors

Vallelfting *Equisetum pratense*
Mjög algeng. Vex víða og oft í skógarbotnum.

Mýrelfting *Equisetum palustre*
Mjög algeng. Vex einkum í votlendi.

Fergin *Equisetum fluviatile*
Algengt. Vex í vatni.

Eski *Equisetum hyemale*
Sjaldgæft.[5] Vex einkum í kjarrlendi.

Beitiski *Equisetum variegatum*
Mjög algengt. Vex við ýmsar aðstæður.

Naðurtunguætt *Ophioglossaceae*

Tungljurt *Botrychium lunaria*
Mjög algeng. Vex við margskonar aðstæður.

Klettaburknaætt *Aspleniaceae*

Tófugras *Cystopteris fragilis*
Mjög algengt. Vex einkum í klettaskorum og skútum.

Þrílaufungur *Gymnocarpium dryopteris*
Allalgengur. Vex gjarnan í skóg eða kjarrlendi.

Þríhyrnuburkni *Phegopteris connectilis*
Sjaldgæfur.[6] Vex á rökum, skuggsælum stöðum.

Liðfætla *Woodsia ilvensis*
Mjög sjaldgæf.[7] Vex einkum í klettaskorum.

Fjallaliðfætla *Woodsia alpina*
Sjaldgæf.[8] Vex einkum í klettaskorum.

Fjöllaufungur *Athyrium filix-femina*
Mjög sjaldgæfur.[9] Vex í grónum brekkum eða skóglendi.

Skjaldburknaætt *Dryopteridaceae*

Stóriburkni *Dryopteris filix-mas*
Sjaldgæfur.[10] Vex í skóg og kjarrlendi og víðar á skuggsælum stöðum.

Skjaldburkni *Polystichum lonchitis*
Sjaldgæfur.[11] Vex í dældum á snjóþungum stöðu.

Köldugrasætt *Polypodiaceae*

Köldugras *Polypodium vulgare*
Sjaldgæft.[12] Vex í klettasprungum.

Pinaceae *Furuætt*

Sitkagreni *Picea sitchensis*
Algengt.[13] Skógrækt.

Stafafura *Pinus contorta*
Algeng.[14] Skógrækt.

Sýprisætt *Cupressaceae*

Einir *Juniperus communis*
Mjög sjaldgæfur.[15] Vex gjarnan í lyngbrekkum.

Nykruætt *Potamogetonaceae*

Fjallnykra *Potamogeton alpinus*
Allalgeng. Vatnaplanta.

Smánykra *Potamogeton berchtoldii*
Sjaldgæf.[16] Vatnajurt.

Grasnykra *Potamogeton gramineus*
Allalgeng. Vatnaplanta.

Blöðkunykra *Potamogeton natans*
Sjaldgæf.[17] Vatnaplanta.

Hjartanykra *Potamogeton perfoliatus*
Mjög sjaldgæf.[18] Vatnaplanta.

Langnykra *Potamogeton praelongus*
Sjaldgæf.[19] vatnaplanta.

Þráðnykra *Stuckenia filiformis*
Allalgeng. Vatnaplanta.

Sauðlauksætt *Juncaginaceae*

Strandsauðlaukur *Triglochin maritima*
Sjaldgæfur.[20] Vex við sjávarsíðuna.

Mýrasauðlaukur *Triglochin palustris*
Algengur. Vex hvarvetna í deiglendi.

Sýkigrasætt Tofieldiaceae

Sýkigras *Tofieldia pusilla*
Algengt. Vex einkum í móum og harðbalalandi.

Brönugrasætt *Orchidaceae*

Brönugrös

Fremur sjaldgæf.[21] Vaxa í ýmsu gróðurlendi.

Friggjargras *Platanthera hyperborea*

Mjög algengt. Vex við ýmsar aðstæður.

Kræklurót Corallorhiza trifida

Mjög sjaldgæf.[22] Vex í rýru mólendi

Hjartatvíblaðka *Neottia cordata*

Mjög sjaldgæf.[23] Vex innan um lyng og kjarr.

Barnarót *Coeloglossum viride*

Mjög algeng. Vex við ýmsar aðstæður.

Lókeflisætt *Typhaceae*

Ttrjónubrúsi *Sparganium angustifolium*
Mjög sjaldgæfur.[24] Vatnaplanta.

Mógrafabrús *Sparganium hyperboreum*
Allalgengur. Vatnaplanta.



Sefætt *Juncaceae*

Mýrasef *Juncus alpinoarticulatus*
Algengt. Vex í deiglendi.

Laugasef *Juncus articulatus*
Algengt. Vex í blautum flögum og lækjarbökkum.

Hrossanál *Juncus arcticus*
Algeng. Vex einkum í sendnum jarðvegi.

Þráðsef *Juncus filiformis*
Fremur sjaldgæft. Vex einkum í deiglendi.

Blómsef *Juncus triglumis*
Algengt. Vex í rökum flögum

Flagasef *Juncus biglumis*
Algengt. Vex í rökum flögum.

Lækjasef *Juncus bufonius*
Algengt. Vex oftast í lækjarfarvegum og öðru deiglendi.

Lindasef *Juncus ranarius*
Fremur algengt. Vex gjarnan í sendnu deiglendi.

Hnúðsef *Juncus bulbosus*
Mjög sjaldgæft.[25] Vex í eða meðfram vötnum.



Móasef *Juncus trifidus*
Mjög algengt. Vex í þurru mólendi.

Boghæra *Luzula arcuata*
Algeng. Vex hátt til fjalla, ofan 600 m.y.s.

Vallhæra *Luzula multiflora*
Mjög algeng. Vex í margskonar þurrlendi.

Axhæra *Luzula spicata*
Mjög algeng. Vex í rýru mólendi.

Stararætt *Cyperaceae*

Klófífa *Eriophorum angustifolium*
Mjög algeng. Vex í mýrum

Hrafnafífa *Eriophorum scheuchzeri*
Algeng. Vex í deiglendi.

Mýrafinnungur *Trichophorum cespitosum*
Algengur. Vex í mýrum.

Efjuskúfur *Eleocharis acicularis*
Sjaldgæfur.[26] Vex einkum í tjarnajöðrum.

Vatnsnál *Eleocharis palustris*
Allalgeng. Vex í tjörnum.

Vætuskúfur *Eleocharis uniglumis*
Allalgengur. Vex í tjarnarjöðrum.

Fitjaskúfur *Eleocharis quinqueflora*
allalgengur. Vex í deiglendi.

Þursaskegg *Carex myosuroides*
Algengt. Vex í þurru mólendi.

Hnappstör *Carex capitata*
Fremur sjaldgæf. Vex gjarnan í þurrum móum.

Broddastör *Carex microglochin*
Allalgeng. Vex í ýmiskonar deiglendi.

Sérbýlisstör *Carex dioica*
Allalgeng. Vex gjarnan í deigum jarðvegi yfir klöppum. Myndin sýnir kvenplöntu.

Bjúgstör *Carex maritima*
Algeng. Vex gjarnan í sandbornu deiglendi.

Vetrarkvíðastör *Carex chordorrhiza*
Allalgeng. Vex í blautum mýrum.

Rjúpustör *Carex lachenalii*
Allalgeng. Vex í deiglendi til fjalla.

Heigulstör *Carex glareosa*
Allalgeng. Vex við stórstreymismörk á sjávarbökkum.

Skriðstör *Carex mackenziei*
Sjaldgæf.[27] Vex á sjávarfitjum.

Blátoppastör *Carex canescens*
Algeng. Vex í votlendi.

Ígulstör *Carex echinata*
Allalgeng. Vex gjarnan á lækjarbökkum.

Stinnastör *Carex bigelowii*
Mjög algeng. Vex í þurru rýru landi

Mýrastör *Carex nigra*
Mjög algeng. Vex í votlendi.

Gulstör *Carex lyngbyei*
Algeng. Vex í votlendi.

Flæðastör *Carex subspathacea*
Sjaldgæf.[28] Vex á sjávarflæðum.

Fjallastör *Carex norvegica*
Sjaldgæf. Vex í hálfdeigum móum til fjalla.

Sótstör *Carex atrata*
Sjaldgæf. Vex gjarnan í klettum eða brekkum.

Slíðrastör *Carex vaginata*
Allalgeng. Vex í þurru mólendi.

Belgjastör *Carex panicea*
Algeng. Vex í deiglendi.

Flóastör *Carex limosa*
Fremur sjaldgæf. Vex í blautum flóum.

Hengistör *Carex rariflora*
Algeng. Vex í mýrum, einkum til fjalla.

Hárleggjastör *Carex capillaris*
Algeng. Vex í deigum grunnum jarðvegi.

Hrafnastör *Carex saxatilis*
Allalgeng. Vex í deiglendi, oftast til fjalla.

Tjarnastör *Carex rostrata*
Algeng. Vex í tjörnum og flæðimýrum.

Grasætt *Poaceae*

Reyrgresi *Hierochloë odorata*
Allalgengt. Vex í vel grónu graslendi.

Ilmreyr *Anthoxanthum nipponicum*
Mjög algengur. Vex í þurru grösugu mólendi.

Fjallafoxgras *Phleum alpinum*
Algengt. Vex yfirleitt hátt til fjalla.

Vallarfoxgras *Phleum pratense*
Algengt. Vex í túnum og kringum ræktuð svæði.

Háliðagras *Alopecurus pratensis*
Algengt. Vex á ræktuðu landi og í nágrenni þess.

Knjáliðagras *Alopecurus geniculatus*
Algengt. Vex í deigu graslendi.

Vatnsliðagras *Alopecurus aequalis*
Sjaldgæft.[29] Vex í grunnu vatni.

Hálíngresi *Agrostis capillaris*
Algengt. Vex í gömlum túnum og upp til hlíða.

Skriðlíngresi *Agrostis stolonifera*
Algengt. Vex við ýmsar aðstæður.

Týtulíngresi *Agrostis vinealis*
Algengt. Vex í rýru graslendi og á melum.

Hálmgresi *Calamagrostis neglecta*
Algengt. Vex í ýmiskonar deiglendi.

Snarrótarpuntur *Deschampsia cespitosa*
Algengur. Vex í túnum og frjóu graslendi.

Fjallapuntur *Deschampsia alpina*
Algengur. Vex í deiglendi til fjalla.

Bugðupuntur *Avenella flexuosa*
Algengur. Vex gjarnan í lyngbrekkum og kjarri.

Dúnhafri *Avenula pubescens*
Sjaldgæfur.[30] Vex í ýmiskonar graslendi.

Fjallalógresi *Trisetum spicatum*
Algengt. Vex í rýru landi, einkum til fjalla.

Móalógresi *Trisetum molle*
Allalgengt. Vex í þurru mólendi.

Blátoppa *Sesleria albicans*
Sjaldgæf.[31] Vex í rýrum lyngbrekkum.

Vatnsnarfagras *Catabrosa aquatica*
Allalgengt. Vex í skurðum og á vatnsflæðum.

Axhnoðapuntur *Dactylis glomerata*
Allalgengur. Vex við bæi og nærri ræktarlandi.

Vallarsveifgras *Poa pratensis*
Algengt. Vex við ýmis skilyrði en einkum við bæi og ræktarland.

Fjallasveifgras *Poa alpina*
Algengt. Vex einkum til fjalla í móum og melum.

Lotsveifgras *Poa flexuosa*
Sjaldgæft.[32] Vex eingöngu hátt til fjalla.

Blásveifgras *Poa glauca*
Mjög algengt. Vex í rýru landi.

Kjarrsveifgras *Poa nemoralis*
Sjaldgæft.[33] Vex einkum á skuggsælum stöðum, í kjarri eða gjótum.

Hásveifgras *Poa trivialis*
Fremur sjaldgæft. Vex einkum í frjóum, rökum jarðvegi.

Varpasveifgras *Poa annua*
Algengt. Vex gjarnan kringum bæi.

Varpafitjungur *Puccinellia coarctata*
Sjaldgæfur.[34] Vex einkum í klettum og urðum nærri sjó.

Sjávarfitjungur *Puccinellia maritima*
Algengur. Vex á sjávarfitjum.

Túnvingull *Festuca richardsonii*
Mjög algengur. Finnst hvarvetna.

Rauðvingull *Festuca rubra*
Allalgengur.[35] Vex gjarnan meðfram vegum.

Blávingull *Festuca vivipara*
Algengur. Vex í ýmiskonar landi.

Vallarrýgresi *Lolium perenne*
Sjaldgæfur. Sáð í nýjar grasflatir, helst sjaldnast lengi við.

Finnungur *Nardus stricta*
Allalgengur. Vex eingöngu þar sem snjór situr lengi.

Húsapuntur *Elytrigia repens*
Allalgengur. Vex gjarnan við bæi, í vegköntum og víðar.

Melgresi *Leymus arenarius*
Allalgengt. Vex við sjávarsíðuna og sumstaðar í vegköntum.

Hafrar *Avena sativa*
Sjaldgæfir.[36] Slæðingur

Hveiti *Triticum aestivum*
Sjaldgæft.[37] Slæðingur.

Bygg *Hordeum vulgare*
Sjaldgæft.[38]

Draumsóleyjaætt *Papaveraceae*

Garðasól *Papaver croceum*
Sjaldgæf.[39] Vex í melum eða röskuðu landi.

Sóleyjaætt *Ranunculaceae*

Hófsóley *Caltha palustris*
Mjög algeng. Vex í votlendi.

Brennisóley *Ranunculus subborealis*
Mjög algeng. Vex má heita hvarvetna.

Skriðsóley *Ranunculus repens*
Mjög algeng. Vex gjarnan kringum bæi.

Flagasóley *Ranunculus reptans*
Algeng. Vex í flögum og tjarnarstæðum.

Trefjasóley *Ranunculus hyperborius*
Allalgeng. Vex oftast í tjarnarstæðum og leirefju.

Lónasóley *Ranunculus confervoides*
Allalgeng. Vex í grunnum tjörnum.

Jöklasóley *Ranunculus glacialis*
Sjaldgæf.[40] Vex hátt til fjalla.

Brjóstagras *Thalictrum alpinum*
Mjög algengt. Vex í margskonar landi.

Helluhnoðraætt *Crassulaceae*

Helluhnoðr *Sedum acre*
Algengur. Vex helst á berangri.

Skriðuhnoðri *Sedum annuum*
Sjaldgæfur.[41] Vex í skriðum og bröttum hlíðum.

Flagahnoðri *Sedum villosum*
Mjög algengur. Vex í flögum.

Burnirót *Rhodiola rosea*
Algeng. Vex einkum í sjávarklettum.

Maraætt *Haloragaceae*

Síkjamari *Myriophyllum alterniflorum*
Allalgengur. Vex í vötnum og tjörnum.

Steinbrjótsætt *Saxifragaceae*

Þúfusteinbrjótur *Saxifraga cespitosa*
Mjög algengur. Vex víða í rýru landi.

Toppasteinbrjótur *Saxifraga rosacea*
Sjaldgæfur.[42] Vex í mólendis brekkum.

Mosasteinbrjótur *Saxifraga hypnoides*
Algengur. Vex einkum í skriðum og urðum.

Lækjasteinbrjótur *Saxifraga rivularis*
Allalgengur. Vex við læki og lindir til fjalla.

Vetrarsteinbrjótur *Saxifraga oppositifolia*
Algengur.[43] Vex á berangursholtum.

Gullbrá *Saxifraga hirculus*
Algeng. Vex í deiglendi.

Stjörnusteinbrjótur *Micranthes stellaris*
Algengur. Vex gjarnan í mosa í uppsprettum.

Snæsteinbrjótur *Micranthes nivalis*
Allalgengur. Vex einkum í klettum, oftast til fjalla.

Dvergsteinbrjótur *Micranthes tenuis*
Sjaldgæfur.[44] Vex einungis hátt til fjalla.

Rifsberjaætt *Grossulariaceae*

Rifs *Ribes x pallidum*
Sjaldgæft.[45] Ræktað í görðum.

Beinviðarætt *Celastraceae*

Mýrasóley *Parnassia palustris*
Algeng. Vex í deigu og hálfdeigu landi.

Fjóluætt *Violaceae*

Týsfjóla *Viola canina*
Algeng. Vex í snöggu mólendi.

Mýrfjóla *Viola palustris*
Algeng. Vex í margskonar deiglendi.

Arfafjóla *Viola arvensis*
Mjög sjaldgæf.[46] Slæðingur.

Þrenningarfjóla *Viola tricolor*
Allalgeng. Vex í malarbornum jarðvegi kringum bæi og við sjávarsíðuna.

Víðisætt *Salicaceae*

Grasvíðir *Salix herbacea*
Algengur. Vex í margskonar mólendi og snjódældum og hlíðum til fjalla.



Fjallavíðir *Salix arctica*
Algengur. Vex í margskonar landi til fjalla.

Loðvíðir *Salix lanata*
Allalgengur. Vex einkum í lyngmóum.

Gulvíðir *Salix phylicifolia*
Algengur. Vex deig eða hálf deigu landi.

Viðja *Salix borealis*
Allalgeng.[47] Vex helst í röskuðu landi nærri byggð.

Selja *Salix myrsinitifolia*
Sjaldgæf.[48] Vex í görðum og skógarreitum.

Alaskavíðir *Salix alaxensis*
Allalgengur.[49] Einkum plantað í skjólbelti.

Balsamösp *Populus trichocarpa*
Algeng í ræktun.[50]

Ertublómaætt *Fabaceae*

Alaskalúpína *Lupinus nootkatensis*
Algeng.[51] Vex einkum á lítt grónum svæðum.

Garðalúpína *Lupinus polyphyllus*
Sjaldgæf.[52]

Hvítsmári *Trifolium repens*
Algengur. Vex oftast í snöggu graslendi.

Rauðsmári *Trifolium pratense*
Allalgengur.[53] Vex oftast í jaðri ræktarlands.

Túnsmári *Trifolium hybridum*
Sjaldgæfur.[54] Vex einkum í jaðri sáðslétta.

Úlfasmári *Medicago lupulina*
Mjög sjaldgæfur.[55]

Gullkollur *Anthyllis vulneraria*
Allalgengur.[56] Vex í melum, gjarnan í vegöxlum.

Umfeðmingur *Vicia cracca*
Algengur. Vex í vel grónu landi.

Fuglaertur *Lathyrus pratensis*
Sjaldgæf.[57] Vaxa í ýmiskonar grónu landi.

Akurmaríuskór *Lotus corniculatus*
Sjaldgæfur slæðingur.[58]

Fóðurflækja *Vicia sativa*
Mjög sjaldgæf.[59]

Gráertur *Pisum arvense*
Mjög sjaldgæf.[60]

Rósaætt *Rosaceae*

Mjaðjurt *Filipendula ulmaria*
Algeng. Vex gjarnan í hálfdeigu graslendi.

Fjalldalafífill *Geum rivale*
Allalgengur. Vex oft í gróskumiklum bollum og lautum.

Holtasóley *Dryas octopetala*
Mjög algeng. Vex á holtum og melum.

Fjallasmári *Sibbaldia procumbens*
Allalgengur. Vex í snjódældum hátt til fjalla.

Gullmura *Potentilla crantzii*
Mjög algeng. Vex um holt og móa.

Tágamura *Potentilla anserina*
Algeng. Vex gjarnan á áreyrum og við sjávarsíðuna.

Engjarós *Comarum palustre*
Algeng. Vex í mýrum.

Jarðarber *Fragaria vesca*
Fremur sjaldgæf. Vex í grónum brekkum.

Hrútaber *Rubus saxatilis*
Algengt. Vex víða í brekkum og í skóglendi.

Ljónslappi *Alchemilla alpina*
Mjög algengur. Vex má heita hvarvetna.

Hlíðamaríustakkur *Alchemilla filicaulis*
Mjög algengur. Vex einkum í gróðursælum brekkum og bollum.

Hnoðamaríustakkur *Alchemilla glomerulans*
Allalgengur. Vex einkum í gróðursælum bollum í fjallshlíðum.

Silfurmaríustakkur *Alchemilla wichurae*
Allalgengur. Vex í klettum, áreyrum og víðar.

Garðamaríustakkur *Alchemilla mollis*
Sjaldgæfur.[61]

Blóðkollur *Sanguisorba officinalis*
Allalgengur.[62] Vex í deigu graslendi.

Reynir *Sorbus aucuparia*
Algengur í ræktun.[63]

Hindber *Rubus idaeus*
Sjaldgæft.[64]

Netluætt *Urticaceae*

Brenninetla *Urtica dioica*
Sjaldgæf.[65]

Bjarkætt *Betulaceae*

Hengibjörk *Betula pendula*
Mjög sjaldgæft.[66]

Birki *Betula pubescens*
Algengt.[67] Vex hvarvetna.

Fjalldrapi *Betula nana*
Fremur sjaldgæfur. Vex einkum í deigum lyngmóum til fjalla.

Blágresisætt *Geraniaceae*

Blágresi *Geranium sylvaticum*
Algengt. Vex í grónum brekkum og bollum.

***Erodium* sp.** (Talið vera hegranef *Erodium cicutarium*). Mjög sjaldgæft.[68]

Eyrarrósarætt *Onagraceae*

Eyrarrós *Chamerion latifolium*
Allalgeng. Vex á áreyrum.

Sigurskúfur *Chamerion angustifolium*
Sjaldgæfur.[69] Vex í frjósamri hálfdeigju.

Lindadúnurt *Epilobium alsinifolium*
Algeng. Vex við lindir og læki.

Heiðadúnurt *Epilobium hornemannii*
Allalgeng. Vex við uppsprettur og dý hátt til fjalla.

Ljósadúnurt *Epilobium lactiflorum*
Sjaldgæf. Vex gjarnan í gróðurrýrum gilbrekkum til fjalla.

Fjalladúnurt *Epilobium anagallidifolium*
Sjaldgæf. Vex einkum í rökum snjódældum hátt til fjalla.

Mýradúnurt *Epilobium palustre*
Mjög algeng. Vex í margskonar deiglendi.

Vætudúnurt *Epilobium ciliatum*
Algeng. Vex mikið í skurðum og er algengt illgresi í görðum.

Klappadúnurt *Epilobium collinum*
Allalgeng. Vex í þurru eða hálfdeigu rýru landi.

Krossblómaætt *Brassicaceae*

Melablóm *Arabidopsis petraea*
Mjög algengt. Vex á melum og öðrum berangri.

Skriðnablóm *Arabis alpina*
Allalgengt. Vex einkum í grýttum fjallshlíðum.

Hlíðableikja *Barbarea stricta*
Sjaldgæf.[70] Vex í röskuðu landi, skurð og vatnsbökkum.

Kattarjurt *Rorippa islandica*
Sjaldgæf.[71] Vex í tjarnarstæðum.

Hrafnaklukka *Cardamine polemonioides*
Mjög algeng. Vex hvarvetna, eikum í deiglendi.

Jöklaklukka *Cardamine bellidifolia*
Sjaldgæf.[72] Vex á melum, einungis hátt til fjalla.

Lambaklukka *Cardamine hirsuta*
Allalgeng. Vex einkum í röskuðu landi og oft sem illgresi í görðum

Grávorblóm *Draba incana*
Algengt. Vex á melum og þurru valllendi.

Hagavorblóm *Draba rupestris*
Allalgengt. Vex í margskonar landi.

Vorperla *Draba verna*
Sjaldgæf.[73] Vex í malarbornum jarðvegi.

Skarfakál *Cochlearia islandica*
Fremur sjaldgæft.[74] Vex í sjávarklettum og grýttum fjörum.

Hjartarfi *Capsella bursa-pastoris*
Algengur. Vex mikið kringum útihús til sveita.

Alurt *Subularia aquatica*
Sjaldgæf.[75] Vex í efju við vatnsbakka.

Fjörukál *Cakile maritima*
Algengt. Vex í sandfjörum.

Akursjóður *Thlaspi arvense*
Mjög sjaldgæfur slæðingur.[76]

Repja *Brassica napus*
Sjaldgæf,[77] nema í ræktun.

Virginíuperla Lepidium virginicum
Mjög sjaldgæfur slæðingur.[78]

Sóldaggarætt *Droseraceae*

Sóldögg *Drosera rotundifolia*
Sjaldgæf.[79] Vex í mýrum.

Súruætt *Polygonaceae*

Naflagras *Koenigia islandica*
Algengt. Vex einkum í rökum flögum.

Kornsúra *Bistorta vivipara*
Mjög algeng. Vex í margskonar landi.

Blóðarfi *Polygonum aviculare*
Algengur. Vex mikið kringum bæi.

Ólafssúra *Oxyria digyna*
Algeng. Vex gjarnan í skriðum og klettum.

Túnsúra *Rumex acetosa*
Mjög algeng. Vex í margskonar landi.

Hundasúra *Rumex acetosella*
Algeng. Vex mikið í malarbornu landi.

Njóli *Rumex longifolius*
Algengur. Vex við bæi og í óræktartúnum.

Gullintoppuætt *Plumbaginaceae*

Geldingahnappur *Armeria maritima*
Mjög algengur. Vex frá fjöruborði til fjallatoppa.

Hjartagrasætt *Caryophyllaceae*

Lækjafræhyrna *Cerastium cerastoides*
Algeng. Vex við læki og lindir til fjalla.

Músareyra *Cerastium alpinum*
Mjög algengt. Vex í móum og melum frá fjöru til fjalla.

Fjallafræhyrna *Cerastium nigrescens*
Sjaldgæf.[80] Vex í hrjóstrugu landi hátt til fjalla.

Vegarfi *Cerastium fontanum*
Mjög algengur. Vex má heita hvarvetna.

Hnoðafræhyrna *Cerastium glomeratum*
Sjaldgæf.[81] Vex í sand eða malarbornum jarðvegi.

Haugarfi *Stellaria media*
Algengur. Vex hvarvetna þar sem húsdýraáburð er að finna.

Akurarfi *Stellaria graminea*
Allalgengur[82]. Vex oft innan um hávaxin gróður í skuðum og bökkum.

Lágarfi *Stellaria humifusa*
Sjaldgæfur.[83] Vex á sjávarfitjum.

Skeggsandi *Arenaria norvegica*
Allalgengur. Vex í flögum og malarbornu landi.

Fjöruarf *Honckenya peploides*
Algengur. Vex helst í sandfjörum.

Melanóra *Sabulina rubella*
Allalgeng. Vex í melum og flögum til fjalla.

Fjallanóra *Minuartia biflora*
Mjög sjaldgæf.[84] Vex á melum hátt til fjalla.

Skammkrækill *Sagina procumbens*
Algengur.[85] Vex í margskonar landi.

Langkrækill *Sagina saginoides*
Sjaldgæfur.[86] Vex í margskonar landi, einkum til fjalla.

Snækrækill *Sagina nivalis*
Allalgengur. Vex í flögum og rýru landi til fjalla..

Hnúskakrækill *Sagina nodosa*
Algengur. Vex í flögum og röskuðu landi.

Skurfa *Spergula arvensis*
Algeng. Vex einkum í leirkenndum flögum.

Ljósberi *Viscaria alpina*
Algengur. Vex í þurrum móum og melum.

Holurt *Silene uniflora*
Mjög algeng. Vex á melum og í sendnum jarðvegi.

Akurstjarna *Agrostemma githago*
Mjög sjaldgæfur slæðingur.[87]

Lambagras *Silene acaulis*
Mjög algengt. Vex í rýru landi frá fjöru til fjalla.

Dagstjarna *Silene dioica*
Sjaldgæfur slæðingur.[88]

Grýtuætt Montiaceae

Rósagrýta *Claytonia sibirica*
Sjaldgæf.[89] Vex í rökum skógarbotnum.

Lækjagrýta *Montia fontana*
Algeng. Vex við lindir, í lækjarfarvegum og á áreyrum.

Skrauthalaætt *Amaranthaceae*

Hrímblaðka *Atriplex glabriuscula*
Algeng. Vex efst í fjörum.

Maríulykilsætt *Primulacae*

Sifjalykill
Mjög sjaldgæfur slæðingur.[90] Garðplanta.

Sandlæðingur *Lysimachia maritima*
Mjög sjaldgæfur.[91] Vex á sendnum sjávarflæðum.

Lyngætt *Ericaceae*

Bjöllulilja *Pyrola grandiflora*
Mjög sjaldgæf.[92] Vex í blautum lyngmóum og kjarri.

Klukkublóm *Pyrola minor*
Algeng. Vex gjarnan í brekkum og bollum þar sem snjór situr lengi.

Grænlilja *Orthilia secunda*
Mjög sjaldgæf.[93] Vex í kjarri og lyngbrekkum.

Sauðamergur *Kalmia procumbens*
Allalgengur. Vex í lyngmóum eða á berangri til fjalla.

Mosalyng *Harrimanella hypnoides*
Allalgengt. Vex einkum í snjódældum til fjalla.

Sortulyng *Arctostaphylos uva-ursi*
Algengt. Vex í skóglendi og lyngmóum.

Beitilyng *Calluna vulgaris*
Algengt. Vex einkum í lyngmóum.

Aðalbláberjalyng *Vaccinium myrtillus*
Allalgengt. Vex einungis á snjóþungum stöðum.

Bláberjalyng *Vaccinium uliginosum*
Mjög algengt. Vex í lyngmóum, kjarri og víðar.

Rauðberjalyng *Vaccinium vitis-idaea*
Sjaldgæft.[94] Vex einkum í skógarlundum.

Krækilyng *Empetrum nigrum*
Mjög algengt.[95] Vex í lyngmóum og holtum.

Möðruætt *Rubiaceae*

Krossmaðra *Galium boreale*
Mjög algeng. Vex í ýmiskonar grónu landi.

Gulmaðra *Galium verum*
Mjög algeng. Vex einkum í þurru mólendi.

Hvítmaðra *Galium normanii*
Mjög algeng. Vex í þurru mólendi.

Laugamaðra *Galium uliginosum*
Sjaldgæf.[96] Vex innan um hávaxin gróður í raklendi.

Maríuvandarætt *Gentianaceae*

Dýragras *Gentiana nivalis*
Sjaldgæft.[97] Vex einkum á harðbölum.

Maríuvöndur *Gentianella campestris*
Algengur. Vex í snöggu þurrlendi.

Grænvöndur *Gentianella amarella*
Allalgengur. Vex í þurru mólendi.

Gullvöndur *Gentianella aurea*
Sjaldgæfur.[98] Vex í rýru graslendi.

Engjavöndur *Gentianopsis detonsa*
Sjaldgæfur.[99] Vex á fitjum við stórstreymismörk.

Munablómsætt *Boraginaceae*

Gleym-mér-ei *Myosotis arvensis*
Mjög algeng. Vex í margskonar landi.

Engjamunablóm *Myosotis scorpioides*
Sjaldgæft.[100] Vex í skurðum, lækjum og meðfram ám.

Kisugras *Myosotis discolor*
Sjaldgæft.[101] Vex einkum í flögum og röskuðu landi.

Blálilja *Mertensia maritima*
Algeng. Vex í sandfjörum.

Græðisúruætt *Plantaginaceae*

Síkjabrúða *Callitriche brutia* var. *hamulata*
Algeng.[102] Vex í vatni.



Laugabrúða *Callitriche stagnalis*
Sjaldgæf. Vex við laugar og grunna polla.

Vorbrúða *Callitriche palustris*
Allalgeng. Vex í vatni eða rökum leir.

Lófótur *Hippuris vulgaris*
Algengur. Vex í vatni.

Randagin *Linaria repens*
Sjaldgæfur slæðingur.[103]

Gullgin *Linaria vulgaris*
Sjaldgæfur slæðingur.[104]

Tjarnalaukur *Littorella uniflora*
Mjög sjaldgæfur.[105] Vex í vötnum og vatnsvikum.

Græðisúra *Plantago major*
Allalgeng. Vex einkum í hlaðvörpum.

Kattartunga *Plantago maritima*
Mjög algeng. Vex í ýmiskonar landi, oft rétt ofan fjörumarka.

Reykjadepla *Veronica arvensis*
Mjög sjaldgæf.[106]

Steindepla *Veronica fruticans*
Allalgeng. Vex í skriðum til fjalla.

Fjalladepla *Veronica alpina*
Algeng. Vex í brekkum og lautum til fjalla.

Lækjadepla *Veronica serpyllifolia*
Algeng. Vex í ýmiskonar deiglendi.

Völudepla *Veronica chamaedrys*
Sjaldgæfur slæðingur.[107]

Hárdepla *Veronica officinalis*
Allalgeng. Vex gjarnan í grónum brekkum.

Skriðdepla *Veronica scutellata*
Algeng. Vex á áreyrum og í tjarnarstæðum.

Hnúðrótarætt *Scrophulariaceae*

Efjugras *Limosella aquatica*
Sjaldgæft.[108] Vel í leirefju í vatnsvikum og með ám.

Varablómaætt *Lamiaceae*

Blóðberg Thymus praecox
Mjög algengt. Vex um móa og holt.

Blákolla *Prunella vulgaris*
Allalgeng. Vex á skjólgóðum, gróðursælum Stöðum

Garðahjálmgras *Galeopsis tetrahit*
Mjög sjaldgæft.[109]

Ljósatvítönn *Lamium album*
Mjög sjaldgæf.[110]

Lotaldinætt *Phrymaceae*

Apablóm *Mimulus guttatus*
Mjög sjaldgæft.[111] Vex í skurðum, lækjum og með ám.

Sníkjujurtaætt *Orobanchaceae*

Smjörgras *Bartsia alpina*
Mjög algengt. Vex í ýmiskonar grónu landi.

Tröllastakkur *Peticularis flammea*
Mjög sjaldgæfur.[112] Vex einkum í mosavöxnu deiglendi til fjalla.

Lokasjóður *Rhinanthus minor*
Mjög algengur. Vex í margskonar landi.

Augnfró *Euphrasia wettsteinii*
Algeng. Vex við ýmsar aðstæður.

Blöðrujurtarætt *Lentibulariaceae*

Lyfjagras *Pinguicula vulgaris*
Mjög algengt. Vex í margskonar deiglendi.

Blöðrujurt *Utricularia minor*
Mjög sjaldgæft.[113] Vex í mógröfum og forblautu landi.

Bláklukkuætt *Campanulaceae*

Bláklukka *Campanula rotundifolia*
Sjaldgæf.[114] Vex einkum í þurrum móum.

Horblöðkuætt *Menyanthaceae*

Horblaðka *Menyanthes trifoliata*
Allalgeng. Vex í skurðum, tjörnum og forblautu landi.

Körfublómaætt *Asteraceae*

Grámulla *Omalotheca supina*
Allalgeng. Vex í snjódældum til fjalla.

Fjandafæla *Omalotheca norvegica*
Mjög sjaldgæf.[115] Vex á snjóþungum stöðum.

Grájurt *Omalotheca sylvatica*
Mjög sjaldgæf.[116] Vex gjarnan í brekkum sem liggja vel við sól.

Jakobsfífill *Erigeron borealis*
Algengur. Vex í brekkum og grasmóum.

